

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 18. september 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-15/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 19. mars 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess að seljandi taki þátt í viðgerðarkostnaði á bifreiðinni.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 27. mars 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 6. apríl 2017. Hinn 6. júní 2017 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér ekki þá heimild. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 14. september 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Audi Q7 4.2, árgerð 2007, af seljanda þann 29. júlí 2016 fyrir 3.350.000 krónur fyrir milligöngu bifreiðasölnunnar Z. Bifreiðin hafði við kaupin verið ekin 95.000 km. Í lok október segir álitsbeiðandi að bifreiðin hafi farið að verða rafmagnslaus reglulega, á 10-15 daga fresti. Um miðjan nóvember var skipt um rafgeymi í bifreiðinni en ástandið lagaðist þó ekki. Að sögn álitsbeiðanda varð tíminn á milli þess að bifreiðin varð rafmagnslaus sífellt styttri og í nóvember var hann um þrjú til fimm dagar þó bifreiðin hafi verið í nær daglegri notkun. Í byrjun desember 2016 pantaði álitsbeiðandi tíma á verkstæði hjá verkstæðinu A, og fékk tíma þann 28. desember. Um miðjan desember varð bifreiðin rafmagnslaus á um sex til átta klukkustunda fresti. Í viðgerð hjá A, var reynt að finna út hvað orsakaði rafmagnsleysi bifreiðarinnar en uppruni þess fannst ekki. Var því pantaður tími á verkstæði B, að ráðleggingu A.

Þann 10. febrúar 2017 fór bifreiðin í viðgerð til B, og var þar komist að orsök útleiðslunnar, en það var leki frá topplúgu sem olli útleiðslu í útvarpsmagnara. Magnarinn var aftengdur og varahlutir pantaðir. Þann 20. febrúar var skipt um ramma utan um topplúgu og útvarpsmagnara hjá B, og hefur bifreiðin virkað vel síðan að sögn álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin, en hann hafi ekki komið í ljós „fyrir en haustlægðir fara að láta á sér kræla eð tilheyrandi úrkomu“. Þá hafi vandræði vegna lekans stigmagnast með fleiri úrkomudögum fram að áramótum. Álitsbeiðandi upplýsti seljanda um bilanagreiningu og óskaði eftir að hann tæki þátt í kostnaði vegna viðgerðarinnar en seljandi hafnaði því.

Krefst álitsbeiðandi þess fyrir kæruneftndinni að seljandi taki þátt í beinum kostnaði við bilanagreiningu og viðgerð hjá B, og greiði minnst 50% af kostnaðinum. Fjárhæð greiðslu vegna bilanagreiningar var 116.232 krónur og viðgerðarkostnaður 646.529 krónur. Samtals er útlagður kostnaður álitsbeiðanda 762.761 krónur.

## IV

### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að álitsbeiðandi hafi kynnt sér ástand bifreiðarinnar fyrir kaupin og seljandi hafi upplýst álitsbeiðanda um allt það sem hann vissi um bifreiðina í góðri trú. Seljandi kveðst ekki hafa verið meðvitaður um neina galla á bifreiðinni að undanskildu gulu viðvörunarljósi í mælaborði sem tengdist vélarskynjara samkvæmt upplýsingum frá umboðsaðila sem hafi séð um viðgerð vegna þessa. Eftir viðgerð hvarf ljósið í smá tíma en kom svo aftur áður en bifreiðin var seld til álitsbeiðanda en seljandi kveðst ekki hafa haft ráðrúm til að panta aftur tíma í viðgerð fyrir sölu, enda hafi ekkert amað að bifreiðinni. Seljandi upplýsti álitsbeiðanda um ljósið áður en kaupin fóru fram.

Í lok janúar 2017 hafi sölumaður bifreiðasöluunnar, sem hafði milligöngu um kaupin, tilkynnt seljanda um meintan galla á bifreiðinni en að sögn seljanda gat sölumaðurinn ekki skýrt eðli gallans. Seljandi telur kostnað viðgerðarinnar verulega háan og sérstaklega í ljósi þess að ekkert hafi amað að bifreiðinni við sölu að hans sögn.

Seljandi segist ekki hafa orðið var við leka eða útleiðslu og tekur fram að hann hefði vitað um það ef slíkt hefði verið til staðar sem valdið hefði reglulegu rafmagnsleysi bifreiðarinnar. Þá telur seljandi að ekki sé hægt að útiloka að lekinn eða útleiðslan hafi komið til vegna mikils álags á þéttingar topplúgunnar eftir sölu bifreiðarinnar til álitsbeiðanda, enda hafi verið mikið um hauslægðir á þeim tíma samkvæmt álitsbeiðni. Þá segir seljandi ekki heldur hægt að útiloka að álitsbeiðandi hafi ekki fyllilega lokað topplúgunni og vatn hafi því komist á óæskilega staði í mikilli úrkomu. Ef útleiðsla hefði verið til staðar við kaupin segir seljandi að álitsbeiðandi hefði strax orðið var við hana vikurnar eftir kaupin en ekki fyrst í október 2016. Seljandi hafnar því kröfu álitsbeiðanda og telur sér ekki skylt að taka þátt í kostnaði vegna viðgerðar á leka eða bilun sem komi fram um hálfu ári eftir kaupin.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, enda hefur umboðsmaður seljanda atvinnu sína af sölu, sbr. 4. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 29. júlí 2016 fyrir 3.350.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2007 og var því nýu ára á kaupdegi og hafði við kaupin verið ekin 95.000 km. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 29. júlí 2016, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

*„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;  
b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“*

Í b- og c- lið 16. gr. segir að söluhlutur sé gallaður ef:

*„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;  
c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“*

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er mun verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Í því sambandi ber að líta til þess að óvíst er að seljandi hafi haft vitneskju um þá annmarka er málið varðar þegar kaupin fóru fram. Telur nefndin jafnframt ekki hægt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Af gögnum málsins verður ráðið að bifreiðin hafi bilað í lok október 2016, rúmlega þremur mánuðum eftir kaupin. Var bifreiðin því haldin annmörkum á þeim tíma en aðila greinir á um það hver beri ábyrgð á þeim. Kærunefndin álítur að ekki hafi verið sýnt fram á annað í málinu en að umræddir annmarkar hafi komið til eftir sölu bifreiðarinnar til álitsbeiðanda, en ekki hefur verið sýnt fram á að annmarkinn hafi verið til staðar við kaupin. Er því ekki unnt að líta svo á að um galla sé að ræða sem rekja megi til seljanda í skilningi laga um neytendakaup. Verður kærunefndin því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

## VI Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson